

1. júlí 2013

Niðurstaða athugunar á starfsemi GAM Management hf.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á starfsemi GAM Management hf. þann 31. október 2011. Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins vegna athugunarinnar komu fram athugasemdir stofnunarinnar og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Fjármálaeftirlitið birti gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni þann 28. júní 2012, þar sem gerð var grein fyrir helstu athugasemdum stofnunarinnar í framangreindi skýrslu.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn félagsins að hún fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna þeirra athugasemda og útbótakrafna sem komu fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Skýrsla innri endurskoðanda barst Fjármálaeftirlitinu í desember 2012.

Samkvæmt skýrslu innri endurskoðanda hafði félagið orðið við flestum kröfum um úrbætur en þó ekki öllum innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlitið mælti fyrir um. Þá kom fram að félagið væri enn að vinna að úrbótum í níu tilvikum, m.a. að gerð verkferla er varða öryggi og rekstur upplýsingakerfa, gerð áhættugreiningar á upplýsingakerfum og gerð formlegrar greiningar á áhættu sem getur haft áhrif á rekstur félagsins. Þann 7. mars 2013 barst Fjármálaeftirlitinu staðfesting um að öllum úrbótum væri lokið nema í einu tilviki en þar var um að ræða gerð verkferla er varða öryggi og rekstur upplýsingakerfa. Með bréfi, dags. 10. apríl 2013, ítrekaði Fjármálaeftirlitið við félagið að ljúka við gerð verkferlanna, að öðrum kosti kæmi til skoðunar að taka ákvörðun um álagningu dagsekta á félagið samkvæmt 11. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þann 23. apríl sl. barst Fjármálaeftirlitinu staðfesting um að úrbótum væri lokið.